

## 7. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

5. júlí 2019, Reykjavík kl. 15:00

**Mætt eru:** Geir Finnsson (GF), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Enar Kornelius Leferink (EKL) og Laufey María Jóhannsdóttir, auk Tinnu Isebarn (TI) frkvstj. LUF.

*Fundur settur 15:25*

*Fundarstjóri: Geir Finnsson*

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir til samþykktar:

1.1. [Fundargerð](#) 5. stjórnarfundar var samþykkt.

1.2. [Fundargerð](#) 6. stjórnarfundar var samþykkt.

#### 2. Frá framkvæmdastjóra:

2.1. Upplýst var um 2. fund Æskulýðsráðs sem fór fram 11. júní.

2.2. YFJ Membership Survey.

2.3. Rætt var um aðgengi og ábyrgð á vefsíðu.

#### 3. Réttindi ungs fólks: Um markmið stjórnar um að tala fyrir endurskoðun á Æskulýðslögum og krefjast heildstæðrar stefnu í málaflokknum:

3.1. Fundur með Ásmundi Einari Daðasyni félags- og barnamálaráðherra: UH og TI sóttu fundinn fyrir hönd LUF og gerðu tillögur að aðferðum til að auka samráð við börn og ungmenni í ákvarðanatöku stjórnvalda. Lagt var til að nýta og styrkja LUF sem samstarfs- og samráðsvettvangi í þeim tilgangi, einkum fulltrúaráð félagsins.

3.2. [Ávarp UH](#) á vinnufundi þingmennanefndar í málefnum barna: UH, GF og EKL sóttu fundinn fyrir hönd LUF. GF upplýsti að á fundinum hafi Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra tilkynnt, í ræðu sinni, að endurskoðun æskulýðslaga yrði á þingmálaskrá hennar í haust.

#### 4. Ráðning verkefnastjóra:

4.1. Samningur var samþykktur.

4.2. Launatillaga frá TI og MÖÓ var samþykkt.

#### 5. Barátta fyrir félagafrelsi ungmenna: Næstu skref vegna [umsagnar LUF](#) um frumvarp til laga um félög til almannaheilla: TI var falið að senda ítrekun vegna andmælabréfs LUF til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og SHB skoðar möguleika á að vísa málinu til Umboðsmanns Alþingis vegna hægagangs í málsmeðferð.

#### 6. Barátta fyrir formlegri þátttöku LUF í innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna: Um framvindu vegna [umsagnar LUF](#) um landsrýniskýrslu um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum og fundar með fulltrúum verkefnastjórnar stjórnvalda um heimsmarkmiðin:

6.1. Svar hefur borist frá forsætisráðuneytinu og þar kemur fram að verkefnastjórnin hafi tekið fyrir það sem rætt var á fundi með LUF. „Sú hugmynd var kynnt að á næsta ári verði skipuð valnefnd við val á fulltrúum í ungmennaráð heimsmarkmiðanna og að ungmenni taki þannig þátt í valinu.

Tillagan var samþykkt.“ Fram kom að nánari útfærsla á þeirri hugmynd yrði unnin í haust og vill verkefnastjórnin gjarnan fá að vera í samráði við LUF um hana. Einnig fór fram umræða um hlutverk Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum gagnvart verkefnastjórninni og hvort fulltrúinn eigi að fá áheyrn í verkefnastjórn. Ákvörðun um það var ekki tekin en samþykkt var að verkefnastjórn fylgist með skipun fulltrúans í haust og að verkefnastjórn fái kynningu frá LUF á hlutverki sendinefndar LUF.

- 6.2. TI var falið að svara forsætisráðuneytinu og koma því á framfari við verkefnastjórnina ánægju stjórnar LUF um að samráð skuli haft um val í ungmennaráð heimsmarkmiðanna. Þá ber að áréttta að á fundi var fjallað um að töluvert skárra væri að skipa t.d. valnefnd heldur en að starfsmenn ráðuneytisins velji sér aðhald - svo skýrt sé að þetta sé fyrirkomulag sem LUF getur sætt sig við, en markmið LUF er auðvitað að fá að starfa eftir samræmdu alþjóðlegu fyrirkomulagi með beinni aðkomu og raunverulegri þátttöku líkt og önnur NYCs. Einnig skal fram koma að stjórn er reiðubúin til að veita verkefnastjórninni kynningu á hlutverki sendinefndar LUF. Þá óskar stjórn eftir upplýsingum um skipunarferli þeirra íslenskun ungmenna sem sækja „UN High-level Political Forum (HLPF).
- 6.3. LMJ var falið umboð stjórnar til að skrifa sameiginlega yfirlýsingu MGoS ásamt TI. Þar skal fram koma óánægja stjórnar með að fram komi í skýrslu að tekið hafi verið tillit til athugasemda LUF þrátt fyrir að hvergi sé á þær minnstar. Þá skulu athugasemdir LUF sem fram koma í umsögn um skýrsluna vera ítrekaðar í yfirlýsingu.

## 7. Alþjóðamál:

- 7.1. EKL verður fulltrúi Íslands á „Enter! Youth Week“ í Strasbourg næstu helgi.
- 7.2. „EU Youth Conference“ í Finnlandi: Ísland fékk ekki boð þar sem við höfum ekki aðild að Evrópusambandinu. TI hefur lýst yfir óánægu LUF með þá ákvörðun Finna til mennta- og menningarmálaráðuneytis og Allianssi systursamtaka LUF í Finnlandi. SPF tekur að sér að skrifa kvörtunarbréf til umsjónaraðila „EU Youth Conference“ og „YFJ“.
- 7.3. Staðan í málefnum ungs fólks hjá Evrópuráðinu: SPF greinir frá að búið er að draga „Contingency plan“ til baka. Það þýðir að það verði engar fjárhagsskerðingar. Hins vegar er óljóst hvað verði um þá hluta ungmennastarfsins sem nú þegar var fjárhagslegaksertur vegna „Contingency plan“.
- 7.4. Fundur með Ungmennaráði UNICEF vegna innleiðingu Skotlands á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna: UH og EKL sóttu fundinn.

## 8. Sendinefnd LUF hjá SP: Auglýsing eftir framboðum til [Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum](#) á sviði mannréttinda er hafin.

- 8.1. Beiðni um undanþágu frá SÍF frá aldurstakmarkinu: Stjórn ákvað að hafna beiðninni. Litið var til þess að standa við þær kröfur sem ákveðnar voru í samráði við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og fylgja flestum nágrannaríkjum Íslands í þeim efnum. Þá erum við að fylgja fyrirkomulagi landa sem hafa yfir 20 ára reynslu af því að halda utan um slíkar sendinefndir. Virðing við aldursmarkið tryggir einnig að jafnt yfir alla gangi. Séu fulltrúar SÍF ósáttir við ákvörðun þessa hvetjur stjórn LUF fulltrúa SÍF til að óska eftir umræðu um aldursmarkið undir önnur mál á næsta fulltrúaráðsfundi.

## 9. 2. Fulltrúaráðsfundur 14. ágúst kl. 20:

- 9.1. Umræða um fundarstað: MÖÓ falið að kanna stofur í HÍ.
- 9.2. Dagskrá og fundarboð skal sent á aðildarfélögin sem fyrst, í síðasta lagi 31. júlí.
- 9.3. Helstu dagskrárliðir verða: Kosninga Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mannréttinda, kosninga í Alþjóðanefnd, Kosninga varamanna í stjórn og kosning í stjórn Leiðtogaskólans.
10. **Leiðtogaskólinn:** Tillaga að skipulagi með tímalínu var samþykkt. Þá er ákveðið að helstu námskeiðshelgar skólans verði 28. - 29. september og 19. - 20. október. Einnig var samþykkt var að auglýsa eftir umsóknum í þjálfarateymið og að þeir sem eru þegar í teyminu þurfi að lýsa yfir áhuga.
11. **Næsti fundur:** 16. júlí kl. 20.
12. **Önnur mál: Um lausn frá stjórnarstörfum:**
  - 12.1. IET segir sig úr stjórn LUF af persónulegum ástæðum.
  - 12.2. EKL flytur erlendis í haust: GF leggur til að stjórnarmeðlimir sem eru að flytja erlendis fái frest til að ákveða hvort þeir haldi áfram í stjórn fyrir næsta stjórnarfund svo hægt sé að kjósa nýja stjórnarfulltrúa á næsta fulltrúaráðsfundi.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 17:20  
IET ritaði fundargerð*